Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

# SKRG4BD05
**Skrúðgarðabyggingafræði D**

| Kennari: | **Ágústa Erlingsdóttir, Guðmundur Vignir Þórðarson, Kári Aðalsteinsson, Guðmundur Heimir Sveinbjörnsson, Þröstur Þórsson ofl** |
|---|---|

## Áfangalýsing:

Nemendur læra að vinna með náttúrugrjót bæði í lagnir og hleðslur, samspil allra helstu verkþátta í skrúðgarðabyggingafræði s.s. hleðslur (úr náttúrugrjóti og steyptu efni), hellulagnir, beð, grasflatir, tjarnir og annað sem farið hefur verið yfir í undanförum þessa áfanga.

**Undanfari:** Skrúðgarðabyggingafræði C

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Notkun náttúrulegs efnis í frágang lóða.
- Uppbyggingu lagna og veggja úr náttúrugrjóti af ýmsum gerðum s.s. hrauni, sjávargrjóti, blágrýti og grágrýti.
- Helstu aðferðum við að vinna náttúrugrjót og velja efni sem hentar í lagnir og/eða hleðslur.
- Samspili helstu þátta í uppbyggingu garða og annarra útisvæða og heildarskipulagningu framkvæmda.
- Framkvæmdum á stórum opnum svæðum og við stærri mannvirki auk götuframkvæmda.

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Velja hentugt náttúrugrjót í hleðslur og lagnir.
- Nota náttúrugrjót s.s. hraun, sjávargrjót, blágrýti og grágrýti bæði í hleðslur og lagnir.
- Framkvæma alla helstu verkþætti svæða sem samanstanda af mörgum mismunandi tegundum verkefna s.s. hleðslu (úr náttúrugrjóti og steyptu efni), hellulögn, beði, grasflöt, tjörn eða öðru sem nemendur hafa öðlast færni í að framkvæma í skrúðgarðabyggingafræði.
- Skipuleggja framkvæmdir í stærri verkefnum, stórum lóðum og opnum svæðum auk götuframkvæmda.

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Meta nothæfi náttúrugrjóts í hleðslur og/eða lagnir og vinna efnið frekar með viðeigandi verkfærum sem metið er með verklagi, verkskipulagi og frágang.
- Vinna hleðslur og lagnir úr helstu gerðum náttúrugrjóts s.s. hrauni, sjávargrjóti, blágrýti og grágrýti sem metið er með verklagi, verkskipulagi og frágang.

- Gera sér grein fyrir skipulagningu og samspili allra helstu verkþátta í uppbyggingu garða og annarra útisvæða, með hagkvæmni framkvæmda að leiðarljósi, metið með frágangi, verkskipulagi og rökstuðningi.
- Gera sér grein fyrir umfangi og nauðsynlegu utanumhaldi framkvæmda á stærri svæðum, stórum lóðum, götuframkvæmdum og opnum svæðum sem metið er með frágangi og rökræðum.
- Útskýra og miðla þekkingu sinni á framkvæmdum og umhirðu til að ráðleggja garðeigendum um allt það helsta sem viðkemur framkvæmdum og umhirðu á einkalóð, metið með rökstuðningi og kynningu.

**Námsefni:** Ljósrit og annað efni frá kennara.

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

| Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Kennari |
|---|---|---|
| 9. jan<br>10. jan | Kynning á áfanganum og helstu verkefnum hans. Kíkt á verknámshúsið.<br>Kennsla í notkun á hrauni í hleðslur | ÁE<br>GVÞ |
| 18. jan<br>19. jan | Haldið áfram með hraunhleðslur og hraunglögur<br>Mosaík flísar | GVÞ<br>GVÞ |
| 25. jan<br>26. jan | Oddsteinalagnir og brústeinn<br>Oddsteinalagnir og brústeinn | KA<br>KA |
| 1. Feb<br>2. feb | Grágrýti<br>Grágrýti | GHS<br>GHS |
| 7. feb | Fúgun á hleðslum og hleðslur úr söguðu grjóti | ÞÞ |
| 14. feb | Hleðslur og lagnir | ÁE |
| 21. feb | Hleðslur og lagnir | ÁE |
| 28. feb | Hleðslur og lagnir | ÁE |

**Námsmat:**

| **Námsþáttur** | **Lýsing á námsmati** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Verkefnabók | Verkefnabók með verklýsingum og myndum sem lýsa framkvæmd á notkun mismunandi náttúrugrjóts í hleðslur og lagnir | 100% |
| Samtals | | 100% |

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Reykir, 8 jan. 2024.